

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Loga Einarssyni um eignir og tekjur landsmanna árið 2021.

Svörin við fyrirspurninni byggjast á skattframtsgögnum einstaklinga fyrir tekjuárin 1998–2021 frá embætti ríkisskattstjóra þar sem það eru bestu og heildstæðustu upplýsingarnar sem völ er á um eignir og tekjur landsmanna. Gögnunum er raðað eftir fjölskyldunúmeri framtals. Tveir samskattaðir aðilar teljast saman sem ein fjölskylda, óháð því hvort um er að ræða hjón eða samskattað par. Einhleypur aðili, þ.m.t. einstætt foreldri, telst sem ein fjölskylda og ósamskattað par í sambúð telst sem tvær fjölskyldur. Vert er að hafa í huga að þar sem hér er stuðst við skattframtöl telst unglungur í foreldrahúsum í þessari röðun sem ein fjölskylda frá og með 16 ára aldri þrátt fyrir að sami unglungurinn komi fram sem barn á framtæri framteljanda á öðru framtali. Þar sem flestir í þeim hópi eiga litlar eignir og hafa lágar eða engar tekjur hafa þeir ekki teljandi áhrif á tölvulegar niðurstöður varðandi þann hóp sem á mestar eignir eða hefur hæstar tekjur. Öðru máli gegndi ef um væri að ræða tölur um heildardreifingu eigna og tekna eða meðaltöl og miðgildi framteljenda. Í svarinu eru því taldar saman allir framteljendur í skilningi skattalaga. Í gögnunum eru einnig meðtaldir þeir einstaklingar sem hafa afbrigðilega álagningu, eða handreknaðir eins og sá hópur er oft nefndur sökum þess að sérfræðingar Skattsns þurfa að handrekna álagningu þeirra. Skattframtolum þessara einstaklinga er að einhverju leyti ábótavant og er algeng ástæða fyrir handrekningi búseta erlendis hluta úr ári. Á árinu 2021 voru samtals 243.855 fjölskyldur í gögnum ríkisskattstjóra miðað við framangreinda skilgreiningu á framteljendum. Samkvæmt niðurstöðum álagningar ársins 2022 vegna tekjuársins 2021 námu heildareignir framteljenda 8.491 milljörðum kr., eigið fé framteljenda var 5.876 milljarðar kr. og heildartekjur framteljenda voru 2.254 milljarðar króna með fjármagnstekjum en 2.062 milljarðar kr. án fjármagnstekna. Allar fjárhæðir í svarinu eru settar fram á verðlagi hvers árs.

Gæði gagnanna eru að mestu leyti óbreytt yfir þann tíma sem hér um ræðir með þeirri undantekningu þó að á framtali 2009 voru innstæður og vextir af innstæðum forskráð í fyrsta sinn á skattframtöl og hafa verið það síðan. Þetta þýddi að innstæður og vextir af innstæðum hækkuðu gríðarlega á milli framtala 2008 og 2009. Það hafði hins vegar ekki afgerandi áhrif á hlutfallstölurnar á þessum tíma. Þá er rétt að taka fram að hlutabréf eru talin á nafnvirði í þessum gögnum og fasteignir eru taldar á fasteignamatsverði eins og þessar eignir eru færðar í skattframtolum. Þá skal sérstaklega tekið fram að uppsöfnuð lifeyrisréttindi eru ekki talin fram sem eignir á skattframtali og eru þau því ekki talin með í þessum útreikningum þótt lífeyrisréttindi séu með verðmætustu eignum hvers einstaklings.

1. Hvert var eigið fé þeirra a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna sem mest áttu árið 2021 og hvert var hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra landsmanna það ár?

Eigið fé þeirra 5% framteljenda sem áttu mestar eignir við árslok 2021 var 2.294 milljarðar kr. samkvæmt niðurstöðum álagningar 2022. Hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra framteljenda var 39,0% og er það tæplega 12 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Eigið fé þess 1% framteljenda sem áttu mestar eignir áttu við árslok 2021 var 996 milljarðar kr. Hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra framteljenda var 16,9% og er það 7 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Eigið fé þess 0,1% framteljenda sem mest áttu við lok árs 2021 var 325 milljarðar kr. Hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra framteljenda var 5,5% og er það tæplega 3 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Sambærilegur tölur aftur til ársins 1998 er að finna í töflu 1.

**Tafla 1 . Upphæð og hlutfall eigin fjár hjá þeim hluta framteljenda sem mest áttu af heildar eigin fé 1998-2021, raðað eftir heildareignum.**

Ár	Efstu 5%		Efsta 1%		Efsta 0,1%	
	Eigið fé, m.kr.	Hlutfall af heild	Eigið fé, m.kr.	Hlutfall af heild	Eigið fé, m.kr.	Hlutfall af heild
1998	228.350	38,5%	99.660	16,8%	29.352	4,9%
1999	259.070	38,0%	113.422	16,6%	32.538	4,8%
2000	286.654	37,7%	124.563	16,4%	37.231	4,9%
2001	318.178	37,1%	137.221	16,0%	39.348	4,6%
2002	346.316	38,1%	155.928	17,1%	49.443	5,4%
2003	390.889	38,6%	180.944	17,9%	60.941	6,0%
2004	445.154	38,1%	201.653	17,2%	64.114	5,5%
2005	571.814	37,2%	254.767	16,6%	79.922	5,2%
2006	695.255	40,7%	328.875	19,3%	112.685	6,6%
2007	885.999	43,6%	447.733	22,0%	174.226	8,6%
2008	931.468	47,2%	474.197	24,0%	173.848	8,8%
2009	963.405	50,4%	480.084	25,1%	170.799	8,9%
2010	894.334	56,3%	448.976	28,3%	162.119	10,2%
2011	943.132	50,9%	443.241	23,9%	155.020	8,4%
2012	1.010.625	48,7%	470.267	22,7%	167.120	8,1%
2013	1.051.922	47,8%	482.697	21,9%	168.667	7,7%
2014	1.126.162	46,1%	506.336	20,7%	167.754	6,9%
2015	1.249.385	44,4%	559.353	19,9%	186.879	6,6%
2016	1.388.292	43,5%	612.632	19,2%	201.323	6,3%
2017	1.646.667	42,0%	718.550	18,3%	236.596	6,0%
2018	1.864.000	40,8%	802.139	17,6%	260.224	5,7%
2019	1.998.910	40,1%	864.983	17,3%	282.236	5,7%
2020	2.076.087	39,2%	902.242	17,0%	292.957	5,5%
2021	2.293.719	39,0%	995.503	16,9%	325.209	5,5%

2. Hverjar voru heildareignir þeirra a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna sem mest áttu árið 2021 og hvert var hlutfall heildareigna þeirra af heildareignum allra landsmanna það ár?

Heildareignir þeirra 5% framteljenda sem áttu mestar eignir í lok árs 2021 samkvæmt skattframtölum voru 2.554 milljarðar kr. Hlutfall eigna þeirra af heildareignum allra framteljenda var 30,1% og er það 1,7 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Heildareignir þess 1% framteljenda sem mestar eignir áttu í lok árs 2021 voru 1.040 milljarðar kr. Það svarar til 12,2% af heildareignum allra framteljenda og er það 1,7 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Heildareignir þess 0,1% framteljenda sem mestar eignir áttu í lok árs 2021 voru 330 milljarðar kr. Eða sem nam 3,9% af heildareignum og er það 0,8 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Sambærilegar tölur aftur til ársins 1998 koma fram í töflu 2.

**Tafla 2. Upphæð og hlutfall heildareigna hjá þeim hluta landsmanna sem mestar eignir áttu 1998-2021.**

Ár	Efstu 5%		Efsta 1%		Efsta 0,1%	
	Heildareignir, m.kr.	Hlutfall af heild	Heildareignir, m.kr.	Hlutfall af heild	Heildareignir, m.kr.	Hlutfall af heild
1998	271.489	28,3%	115.708	12,1%	35.299	3,7%
1999	302.888	27,6%	125.126	11,4%	35.570	3,2%
2000	341.328	27,6%	140.171	11,3%	41.876	3,4%
2001	379.203	27,0%	154.552	11,0%	45.720	3,3%
2002	406.230	27,1%	169.783	11,3%	52.777	3,5%
2003	459.505	27,5%	196.977	11,8%	64.891	3,9%
2004	534.942	27,8%	225.007	11,7%	70.273	3,6%
2005	700.350	28,5%	292.425	11,9%	90.397	3,7%
2006	868.991	30,8%	382.162	13,6%	128.595	4,6%
2007	1.119.197	33,1%	523.029	15,5%	195.915	5,8%
2008	1.196.965	32,7%	554.000	15,1%	200.779	5,5%
2009	1.233.236	32,4%	561.351	14,8%	197.110	5,2%
2010	1.133.966	32,7%	517.756	14,9%	183.550	5,3%
2011	1.148.891	31,8%	500.980	13,9%	169.389	4,7%
2012	1.216.785	31,5%	523.679	13,6%	180.929	4,7%
2013	1.255.310	31,5%	531.540	13,3%	181.580	4,6%
2014	1.319.381	31,3%	547.868	13,0%	174.887	4,2%
2015	1.436.353	31,7%	596.807	13,2%	191.418	4,2%
2016	1.578.257	31,8%	654.087	13,2%	208.293	4,2%
2017	1.851.952	32,0%	758.641	13,1%	241.358	4,2%
2018	2.091.545	31,8%	843.830	12,8%	265.618	4,0%
2019	2.231.966	31,2%	905.327	12,6%	289.100	4,0%
2020	2.316.459	30,2%	944.018	12,3%	299.532	3,9%
2021	2.554.191	30,1%	1.039.624	12,2%	330.081	3,9%

3. Hverjar voru tekjur tekjuhæstu a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna árið 2021, með og án fjármagnstekna, og hvert var hlutfall tekna þeirra af tekjum allra landsmanna það ár?

Heildartekjur með fjármagnstekjum samkvæmt skattframtölum hjá tekjuhæstu 5% framteljenda voru 518 milljarðar kr. árið 2021. Hlutfall tekna þeirra af heildartekjum allra framteljenda var 23,0% og er það 2,3 prósentustigum hærra en tíu árum áður. Heildartekjur með fjármagnstekjum hjá tekjuhæsta 1% framteljenda voru 226 milljarðar kr. Hlutfall tekna þeirra af öllum tekjum var 10,0% og er það 3 prósentustigum hærra en tíu árum áður. Þá voru heildartekjur hjá tekjuhæsta 0,1% framteljenda samtals 94 milljarðar kr. Hlutfall tekna þeirra af heildartekjum var 4,2% og er það 2,4 prósentustigum hærra en tíu árum áður. Sambærilegar tölur aftur til ársins 1998 er að finna í töflu 3.

**Tafla 3. Upphæð og hlutfall heildartekna með fjármagnstekjum hjá tekjuhæsta hluta framteljenda 1998-2021.**

Ár	Efstu 5%		Efsta 1%		Efsta 0,1%	
	Heildartekjur, m.kr.	Hlutfall af heild	Heildartekjur, m.kr.	Hlutfall af heild	Heildartekjur, m.kr.	Hlutfall af heild
1998	66.997	18,6%	21.672	6,0%	4.845	1,3%
1999	78.534	19,2%	26.223	6,4%	6.187	1,5%
2000	90.940	19,7%	32.223	7,0%	8.795	1,9%
2001	106.117	20,6%	41.584	8,1%	15.384	3,0%
2002	118.497	21,4%	49.008	8,9%	20.608	3,7%
2003	138.711	23,2%	64.270	10,8%	31.104	5,2%
2004	153.350	23,4%	68.055	10,4%	25.820	3,9%
2005	209.261	27,2%	110.690	14,4%	48.628	6,3%
2006	257.266	28,5%	137.487	15,2%	60.248	6,7%
2007	366.171	33,2%	222.967	20,2%	112.446	10,2%
2008	288.565	26,0%	133.520	12,0%	46.011	4,1%
2009	246.970	23,3%	104.425	9,9%	37.208	3,5%
2010	201.874	20,5%	70.351	7,2%	19.226	2,0%
2011	217.645	20,7%	73.711	7,0%	18.931	1,8%
2012	234.075	21,0%	81.119	7,3%	21.321	1,9%
2013	258.041	21,5%	94.655	7,9%	28.139	2,3%
2014	285.346	22,0%	111.236	8,6%	38.773	3,0%
2015	308.336	22,0%	116.952	8,3%	35.167	2,5%
2016	349.911	22,2%	138.776	8,8%	48.899	3,1%
2017	397.307	22,6%	165.292	9,4%	63.739	3,6%
2018	394.168	21,1%	146.834	7,9%	45.521	2,4%
2019	411.277	21,0%	152.353	7,8%	48.275	2,5%
2020	428.773	21,0%	160.977	7,9%	53.908	2,6%
2021	517.942	23,0%	225.549	10,0%	94.137	4,2%

Heildartekjur án fjármagnstekna hjá tekjuhæstu 5% framteljenda voru 382 milljarðar kr. árið 2021. Hlutfall þeirra af tekjum allra framteljenda (án fjármagnstekna) var 18,5% og er það 1 prósentustigi lægra en tíu árum áður. Heildartekjur án fjármagnstekna hjá tekjuhæsta 1% framteljenda voru 118 milljarðar kr. eða sem svaraði til 5,7% af heildartekjum framteljenda (án fjármagnstekna) en það er 0,1 prósentustigum lægra en tíu árum áður. Heildartekjur án fjármagnstekna hjá tekjuhæsta 0,1% framteljenda voru 25 milljarðar kr. Hlutfall þeirra af tekjum allra framteljenda (án fjármagnstekna) var 1,2% og er það 0,1 prósentustigum hærra en tíu árum áður. Sambærilegar tölur aftur til ársins 1998 er að finna í töflu 4.

**Tafla 4. Upphæð og hlutfall heildartekna án fjármagnstekna hjá tekjuhæsta hluta framteljenda 1998-2021.**

Ár	Efstu 5%		Efsta 1%		Efsta 0,1%	
	Tekjur án fjármagns- tekna, m.kr.	Hlutfall af heild	Tekjur án fjármagns- tekna, m.kr.	Hlutfall af heild	Tekjur án fjármagns- tekna, m.kr.	Hlutfall af heild
1998	60.323	17,5%	17.549	5,1%	3.190	0,9%
1999	66.840	17,4%	19.128	5,0%	3.120	0,8%
2000	74.571	17,5%	21.671	5,1%	3.769	0,9%
2001	82.241	17,4%	23.302	4,9%	3.790	0,8%
2002	89.664	17,7%	25.973	5,1%	4.778	0,9%
2003	94.730	17,8%	27.794	5,2%	4.991	0,9%
2004	104.895	18,1%	31.697	5,5%	6.232	1,1%
2005	119.925	18,6%	38.150	5,9%	9.177	1,4%
2006	140.442	19,1%	45.783	6,2%	11.250	1,5%
2007	171.639	20,3%	62.240	7,4%	19.735	2,3%
2008	180.983	19,9%	59.871	6,6%	14.239	1,6%
2009	175.460	19,2%	53.418	5,9%	10.756	1,2%
2010	173.744	19,0%	52.169	5,7%	10.430	1,1%
2011	191.841	19,5%	57.271	5,8%	10.431	1,1%
2012	202.984	19,4%	61.046	5,8%	11.187	1,1%
2013	216.772	19,4%	66.734	6,0%	13.636	1,2%
2014	229.779	19,1%	69.855	5,8%	13.756	1,1%
2015	251.739	19,3%	78.548	6,0%	16.798	1,3%
2016	273.321	18,9%	83.109	5,7%	15.899	1,1%
2017	298.780	18,6%	91.678	5,7%	18.845	1,2%
2018	323.962	18,6%	98.705	5,7%	19.689	1,1%
2019	337.655	18,4%	100.814	5,5%	18.570	1,0%
2020	354.100	18,4%	107.165	5,6%	21.341	1,1%
2021	381.825	18,5%	118.440	5,7%	25.224	1,2%

4.Hvað áttu tekjuhæstu a) 10%, b) 5%, c) 1%, d) 0,1% landsmanna árið 2021 stóran hluta af annars végar eigin fé landsmanna og hins végar heildareignum landsmanna það ár?

Tekjuhæstu 10% framteljenda samkvæmt skattframtölum áttu í lok árs 2021 samanlagt 34,3 % af eigin fé allra framteljenda, 1,2 prósentustigum lægra en tíu árum áður, og 32,3% af heildareignum, sem er hækkun um 1,7 prósentustig á sama tímabili. Tekjuhæstu 5% framteljenda í lok árs 2021 áttu samanlagt 22,9% af eigin fé allra framteljenda, 1 prósentustigi lægra en tíu árum áður, og 20,2% af heildareign allra, sem er hækkun um 1,1 prósentustig á sama tímabili. Tekjuhæsta 1% framteljenda átti við lok árs 2021 samanlagt 9,4% af eigin fé allra framteljenda, 1,6 prósentustigum lægra en tíu árum áður, og 7,3% af heildareignum, sem er hækkun um 0,1 prósentustig á sama tímabili. Tekjuhæsta 0,1% framteljenda átti við lok árs 2021 samanlagt 2,2% af eigin fé allra framteljenda, 2,2 prósentustigum lægra en tíu árum áður, og sem nemur 1,6% af heildareignum allra framteljenda, sem er lækkun um 0,9 prósentustig á sama tímabili. Sambærilegar tölur aftur til ársins 1998 er að finna í töflu 5.

**Tafla 5. Hlutfall eigin fjár af heild og hlutfall heildareigna af heild hjá tekjuhæsta hluta framteljenda 1998-2021.**

Ár	Efstu 10%		Efstu 5%		Efsta 1%		Efsta 0,1%	
	Eigið fé	Heildar-eignir	Eigið fé	Heildar-eignir	Eigið fé	Heildar-eignir	Eigið fé	Heildar-eignir
1998	30,1%	28,5%	20,7%	18,4%	9,3%	7,5%	3,1%	2,3%
1999	31,8%	29,1%	22,2%	18,9%	9,7%	7,4%	2,8%	1,9%
2000	32,1%	29,3%	21,8%	18,7%	9,7%	7,4%	2,8%	2,0%
2001	30,6%	28,5%	20,5%	17,9%	9,1%	6,9%	2,9%	1,9%
2002	31,0%	28,3%	21,4%	18,1%	10,0%	7,3%	3,9%	2,6%
2003	33,0%	29,7%	23,2%	19,3%	10,9%	8,0%	3,9%	2,7%
2004	34,5%	30,7%	24,2%	20,1%	10,7%	8,2%	2,9%	2,2%
2005	36,0%	32,1%	25,3%	21,3%	11,2%	8,9%	3,1%	2,5%
2006	40,2%	35,0%	28,7%	23,6%	13,5%	10,4%	3,7%	3,0%
2007	43,4%	37,6%	32,1%	26,1%	16,3%	12,2%	6,1%	4,2%
2008	45,9%	37,3%	34,4%	25,6%	17,9%	11,8%	5,6%	3,6%
2009	43,0%	34,7%	32,4%	23,5%	17,0%	10,4%	5,9%	3,2%
2010	38,8%	31,9%	28,2%	20,7%	15,3%	8,8%	5,9%	3,0%
2011	35,5%	30,6%	23,9%	19,1%	11,0%	7,2%	4,4%	2,5%
2012	35,3%	30,6%	24,2%	19,2%	10,8%	7,2%	4,2%	2,4%
2013	35,9%	31,3%	24,8%	19,8%	11,4%	7,6%	4,0%	2,4%
2014	35,0%	31,2%	24,3%	19,8%	10,7%	7,4%	3,5%	2,1%
2015	35,8%	32,2%	24,7%	20,6%	10,6%	7,6%	2,9%	1,9%
2016	36,2%	32,9%	24,8%	21,0%	10,6%	7,8%	3,0%	2,1%
2017	36,7%	34,0%	24,9%	21,6%	10,7%	8,2%	3,4%	2,4%
2018	36,1%	33,9%	23,9%	21,2%	9,4%	7,4%	2,3%	1,7%
2019	35,0%	33,1%	23,2%	20,6%	9,1%	7,2%	2,6%	1,9%
2020	33,6%	32,0%	22,1%	19,8%	8,9%	7,0%	2,2%	1,6%
2021	34,3%	32,3%	22,9%	20,2%	9,4%	7,3%	2,2%	1,6%